

Borgarráð Reykjavíkurborgar
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík 14. nóvember 2024
Mál nr. 2409670

Efni: Endurgreiðsluhlutfall vegna réttindasafns Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Á fundi stjórnar Brúar lífeyrissjóðs þann 14. október 2024 og á fundi stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar þann 13. nóvember 2024 var lagt fram bréf tryggingastærðfræðings sjóðsins Bjarna Guðmundssonar, dagsett 18. sept. sl. þar sem lagt er til að endurgreiðsluhlutfall launagreiðenda á greiddum lífeyri í réttindasfani Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar fyrir árið 2025 verði óbreytt frá fyrra ári eða 74%.

Stjórn lífeyrissjóðsins hefur samþykkt tillögu tryggingastærðfræðingsins og vísar málinu til afgreiðslu Borgarráðs Reykjavíkurborgar í samræmi við ákvæði gr. 22.1 í samþykktum LsRb sem er svohljóðandi:

„Borgarsjóður og viðkomandi stofnanir sem tryggt hafa starfsmenn í sjóðnum skulu greiða viðbótariðgjöld mánaðarlega sem reiknast sem tiltekinn hundradshluti af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna. Borgarstjórn ákveður hundradshluta þennan til eigi skemmri tíma en til eins árs í senn að fenginni umsögn tryggingastærðfræðings og sjóðsstjórnar. Við þá ákvörðun skal miðað við að viðbótariðgjaldið ásamt innborguðum iðgjöldum miðað við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstarkostnaði. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtun hefði náðst allan rekstartímann og útreiknað hlutfall verið í gildi. Til framtíðar skal reiknað með tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur sem gildandi eru á hverjum tíma.“

Hjálagt er bréf tryggingastærðfræðings.

Virðingarfyllt,
f.h. Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar

Gerður Guðjónsdóttir
framkvæmdastjóri

2024-09-18

Gerður Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri
Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar

Umsögn um viðbótariðgjald árið 2025

Samkvæmt 22. gr samþykktu Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb) skal borgarstjórn ákveða til eigi skemmri tíma en eins ár í senn hlutfall sem borgarsjóður og viðkomandi stofnanir skulu greiða sjóðnum sem viðbótariðgjald sem reiknast tiltekið hlutfall af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna. Hlutfallið skal ákveðið að fenginni umsögn sjóðsstjórnar og tryggingastærðfræðings.

Um aðferð við útreikning á hlutfallinu segir svo í 22. grein:

“Við þá ákvörðun skal miðað við að endurgreiðsla ásamt innborguðum iðgjöldum miðað við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstarkostnaði. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtun hefði náðst allan rekstrartímann og útreiknað endurgreiðsluhlutfall verið í gildi. Til framtíðar skal reiknað með tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur sem gildandi eru á hverjum tíma.”

Að því er stefnt að framlög hvers launagreiðanda, iðgjöld að viðbættum endurgreiðslum á lífeyri, standi að jafnaði undir þeim lífeyrisréttindum sem starfsmenn launagreiðandans munu njóta hjá sjóðnum. Bakábyrgð borgarsjóðs verði aðeins virk að því marki sem fjárfestingar sjóðsins hafa ekki skilað eðlilegri ávöxtun, eða ef aðrir launagreiðendur reynast ófærir um að standa við skuldbindingar sínar. Miðað verði við að sjóðurinn skuli til jafnaðar ná 3,5% ávöxtun umfram hækkun verðlags.

Forsendur um lífs- og örorkulíkur og ávöxtun eru óbreyttar frá tryggingafræðilegri athugun sjóðsins miðað við lok árs 2021 sem miðað var við fyrir tillögu um hlutfall viðbótariðgjalds ársins 2022. Með breytingu á samþykktum endurgreiðsluhlutfall lífeyris nú skilgreint sem viðbótariðgjald.

Fyrir liggur tillaga um sameiningu sjóðsins við Brú lífeyrissjóð, og verður sjóðurinn eftir sameiningu R-deild Brúar lífeyrissjóðs. Ákvæði um viðbótariðgjald og aðferð við útreikning þess verða óbreytt frá því sem var í samþykktum LsRb.

Forsendur útreikninga við lok árs 2023 voru hinar sömu og var við lok árs 2021 og 2022 og var því gerð tillaga um að viðbótariðgjald yrði óbreytt árið 2024 frá því sem var 2022 og 2023. Fjármálaráðuneyti hefur ekki enn auglýst breytingar á forsendum við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða miðað við lok árs 2024. Að óbreyttu er gerð tillaga um sama viðbótariðgjald árið 2025 fyrir R-deild Brúar lífeyrissjóðs og gilt hefur undanfarin ár hjá LsRb, eða **74%**

Virðingarfyllst,

Bjarni Guðmundsson